

Föstudaginn 17. mars 1989.

Nr. 72/1988. **Garri hf.**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Sólveigu Maríu Þorláksdóttur

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Umboð. Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 54.408,00 krónur ásamt tilteknum vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda starfaði hjá veitingahúsinu Pottinum og pönnunni við skrifstofustörf. Hún ritaði á víxla þá, sem málið snýst um, í samræmi við venju, sem skapast hafði í fyrirtækinu. Áfrýjandi tók við víxlunum sem greiðslu á venjulegum rekstrarvörum, sem óumdeilt er að notaðar voru við veitingareksturinn. Eigandi veitingahússins hefur gefið yfirlýsingu þess efnis, að stefnda hafi haft umboð til að rita á víxlana f.h. fyrirtækisins. Af þessum sökum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Garri hf., greiði stefndu, Sólveigu Maríu Þorláksdóttur, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri af Björgvin

Þorsteinssyni hrl. f.h. Garra hf., nnr. 2528-9803, Smiðjuvegi 42, Kópavogi, gegn Sólveigu Mariu Þorláksdóttur, nnr. 8318-4450, nú til heimilis að Barmahlíð 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda greiði skuld, að fjárhæð kr. 54.408,00, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 30.100,00 frá 15. mars 1986 til 1. apríl 1986, en með 2,25% frá þeim degi til 15. apríl 1986, en með 2,25% af kr. 54.408,00 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar sem tekið verði tillit til söluskatts.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að málskostnaður verði dæmdur úr hendi stefnanda að viðbættum söluskatti.

I.

Stefnandi byggir kröfur sínar á tveimur víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 30.100,00, út gefnum 3. febrúar 1986 af stefnanda og framseldum af honum, en samþykktum til greiðslu af stefndu f.h. fyrirtækisins Pottsins og pönnunnar sf. í Landsbanka Íslands, Reykjavík, 15. mars 1986, en hinum að fjárhæð kr. 24.308,00, út gefnum 28. febrúar 1986 af sama til greiðslu af sama 15. apríl 1986. Greiðslufall hafi orðið og hafi hvorki firmað Potturinn og pannan né stefnda fengist til að greiða víxlana. Prókúruhafi fyrir firmað Pottinn og pönnuna sé Jóhann Bragason, nnr. 4960-4157, Álfatúni 18, Kópavogi, en samkvæmt firmaskrá hafi stefnda ekki haft prókúruumboð. Málsóknin byggist því á 8. gr. víxillaga, nr. 93/1933. Stefnandi haldi því fram, að stefnda hafi ekki haft umboð, er hún samþykkti víxlana til greiðslu fyrir firmað, þar sem þess hafi ekki verið getið í firmaskrá. Stefnda hafi lagt fram í málinu yfirlýsingu frá Jóhanni Bragasyni, dags. 20. mars 1987, um að stefnda hafi haft umboð hans til þess að samþykkja í hans nafni víxla til greiðslu vegna vörukaupa. Þessi yfirlýsing sé gefin eftir á, en á þeim tíma, sem stefnda hafi ritað á víxlana, sé ekkert upplýst um umboð hennar. Jóhann Bragason sé nú gjaldþrota, og vilji hann nú aðstoða stefndu, sem hafi unnið skrifstofustörf í fyrirtæki hans, að komast hjá greiðslu. Væri dæminu snúið við, og væri stefnda gjaldþrota í dag, en ekki Jóhann, þá gæti hann nú á sama hátt komið með yfirlýsingu um að hún hefði aldrei haft neitt umboð til þess að skuldbinda hann. Þess vegna hafi ekki verið unnt að stefna fyrirtækinu Pottinum og pönnunni til að greiða víxlana, þar sem fyrirtækið hefði getað borið fyrir sig, að stefnda hafi ekki haft umboð til þess að skuldbinda það. Ekkert hafi verið skráð um umboð stefndu og þess vegna hafi hún ekki haft umboð.

II.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hún hafi haft fullt umboð einkaeiganda firmans, Jóhanns Bragasonar, til þess að samþykkja umrædda víxla vegna firmans. Umboðið hafi verið munnlegt og hafi Jóhann staðfest umboðið með fram lagðri yfirlýsingu sinni í máli þessu. Hún hafi hvergi farið út fyrir umboðið og hún hafi ekki ritað stafina „s/f“ við nafn firmans á víxlana. Víxlarnir hafi verið ritaðir og útfylltir að öllu öðru leyti af stefnanda sjálfum til notkunar sem greiðslur vegna vörukaupa hjá stefnanda og hafi stefnandi treyst því, að stefnda hafi haft umboð, þegar stefnandi tók við víxlunum samþykktum úr hennar hendi. Firmað hafi á þessum tíma verið einkafirma Jóhanns Bragasonar og engin tilkynning hafi verið send firmaskrá Reykjavíkur um, að nokkur aðili hefði prókúrumboð. Eina tilkynningin, sem send hafi verið, hafi verið sú, sem birtist í 89. tbl. Lögbirtingablaðsins 1986, og þar komi ekkert fram um nokkurn prókúruhafa firmans, enda ekki sérstök þörf fyrir slíkt, þar sem um einkafirma var að ræða. Stefnandi hafi mátt treysta umboði stefndu, þegar hann tók við víxlunum, og hafi gert, og hafi aðrir sambærilegir vöruvíklar verið greiddir af hálfu fyrirtækisins Pottsins og pönnunnar.

III.

Stefnda hefur haldið því fram að hún hafi haft umboð einkaeiganda firmans til þess að samþykkja víxla í nafni firmans, eins og víxla þá sem stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu á. Einkaeigandi firmans, Jóhann Bragason, hefur gefið út yfirlýsingu þessu til staðfestingar. Þrátt fyrir þetta heldur stefnandi því fram að stefnda hafi ekki haft umboðið, þar sem það hafi ekki verið skráð í firmaskrá. Skráning umboðs í firmaskrá er ekki skilyrði þess að umboð sé gilt. Þer stefnandi því sönnunarbyrði í máli þessu að stefnda hafi ekki haft umboð, og þar sem hann hefur ekki sannað það, þer að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 33.000,00, þar með talinn sölu-skattur.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Sólveig María Þorláksdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Garra hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 33.000,00 í málskostnað, þar með talinn söluskatt, að viðlagðri aðför að lögum.